

**M-32/2011. Álit 6. október 2011.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 6. október 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-32/2011.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 21. mars sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á öryggiskerfi af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir öryggiskerfið gallað og krefst endurgreiðslu.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. þann 27. maí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var frestur til að skila þeim veittur til 10. júní. Kæruneftndinni bárust engin andsvör frá seljanda og er álitsgerð þessi unnin á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir nefndinni.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi kveðst hafa fest kaup á öryggiskerfi hjá seljanda hinn 9. febrúar 2011 fyrir kr. 45.180. Við prófun tækisins kom í ljós að sírenan í tækinu virkaði ekki. Fékk álitsbeiðandi því aðra sírenu í staðinn sem virkaði ekki heldur. Álitsbeiðandi segir auðsjáanlegt að tækið var ekki í lagi og fór því fram á við seljanda að fá tækið endurgreitt. Að mati álitsbeiðanda var þeirri kröfu hans hafnað með ýmsum málalengingum. Af þeim sökum hafi hann snúið sér til kæruneftndarinnar með erindi sitt og krefst þess eftir sem áður að hann fái endurgreidda þá upphæð sem hann borgaði fyrir tækið, kr. 45.180.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Engin andsvör bárust frá seljanda og er álitsgerð kæruneftndarinnar unnin á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir nefndinni.

### **V**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög um neytendakaup nr. 48/2003 (nkpl), sbr. 1. gr. þeirra laga.

Í 15. gr. laga um neytendakaup er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í a-lið 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Þá segir í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Kæruneftndin telur að í skilningi áður nefndra ákvæða og samkvæmt

gögnum málsins hafi öryggiskerfið verið haldið galla, en seljandi hefur ekki haft uppi sérstök andmæli í málinu um að tækið hafi ekki verið haldið galla.

Í 6. kafla laga um neytendakaup er fjallað um þau úrræði sem neytandi hefur ef söluhlutur reynist gallaður. Kemur fram í 29. gr. laganna að neytandi geti valið milli þess að krefja seljanda um úrbætur á gallanum eða nýja afhendingu á sambærilegum söluhlut. Ljóst virðist samkvæmt atvikum málsins að tilraun til úrbóta var gerð þegar álitsbeiðandi fékk nýja sírenu í stað þeirrar fyrstu sem ekki virkaði. Nýja sírenan virkaði hins vegar ekki heldur og dró álitsbeiðandi því þá ályktun að tækið sem slíkt væri ef til vill ekki í lagi. Ekki er fyrir að fara sjónarmiði seljanda í málinu þar sem hann hefur ekki séð ástæðu til að skila inn andmælum í málinu. Hins vegar er reglan um framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar sú skv. 2. mgr. 30. gr. nkpl. að seljandi á ekki rétt á því að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut oftast en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður réttlæti það. Þá er einnig mikilvægt að úrbætur og ný afhending fari fram án verulegs óhaggræðis fyrir neytanda og innan hæfilegs tíma eins og kemur fram í 1. mgr. 30. gr. nkpl. Ekkert í gögnum málsins bendir til að seljandi hafi á neinn hátt reynt að bæta frekar úr gallanum á öryggiskerfinu eða ljáð máls á því að afhenda álitsbreiðanda nýtt sambærilegt kerfi í stað þess gallaða. Af þeim sökum lítur kærunefndin svo á að ekki hafi orðið af úrbótum eða nýrri afhendingu í málinu í samræmi við ákvæði 29. – 30. gr. nkpl.

Í 31. gr. nkpl. segir að ef ekki verður af úrbótum eða nýrri afhendingu skv. 29. – 30. gr. geti neytandi krafist afsláttar af kaupverði. Í 32. gr. segir svo að í stað afsláttar geti neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur. Álitsbeiðandi hefur í málinu farið fram á að fá endurgreitt það sem hann greiddi fyrir öryggiskerfið, kr. 45.180. Til að fallast megi á það er ljóst að skilyrði riftunar skv. 32. gr. nkpl. verða að vera uppfyllt, auk þess sem álitsbeiðandi afhendi seljanda öryggiskerfið að nýju. Skilyrði riftunar samkvæmt ákvæðinu eru tvíþætt, annars vegar að ekki hafi orðið af úrbótum eða nýrri afhendingu og hins vegar að gallinn teljist verulegur. Áður hefur komið fram að kærunefndin telur fyrra skilyrðið uppfyllt og telur nefndin jafnframt að síðara skilyrðið sé uppfyllt, enda verður að telja lítið notagildi í öryggiskerfi sem hefur ekki virka sírenu. Með framangreindum rökum fellst kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa á að álitsbeiðanda sé heimilt að rifta kaupunum og skulu þá greiðslur beggja aðila ganga til baka.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, endurgreiði álitsbeiðanda, X, 45.180 krónur gegn afhendingu á hinu gallaða öryggiskerfi.

---

Áslaug Árnadóttir

---

Lárus M.K. Ólafsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir